



Vinsamlegast veltu fyrir þér eftirfarandi

EFTIR AÐ

að þú ræður til þín starfsmenn erlendis frá

Hugaðu að...	Aðgerðir	
Samlögun starfsmanna	Móttökupakki	Móttökupakki er gagnleg viðbót við formlegt innsetningarferli. Hér geturðu bætt við upplýsingum um nánasta umhverfi eins og samgöngur, leiðir að vinnustað, kort og upplýsingar um nálæga aðstöðu.
	Laga- og stjórnsýsluatriði	Starfsmenn sem þurfa að skrá sig hjá yfirvöldum gætu þurft að fá hlé frá vinnu. Gerðu ráð fyrir nægilegum tíma til að sækja um kennitölu, skráningarskjöl og öðrum formsatriðum sem krafist er af yfirvöldum.
	Fjölskyldumál og aðlögun	Þú getur ekki verið ábyrgur fyrir hvert einasta atriði við samlögun starfsmanna þinna, en taktu tillit til kringumstæðna og þess tíma sem þeir þurfa til að sjá fyrir fjölskyldu sinni, heimsækja skóla og leita að húsnæði.
	Undirbúningur búsettra starfsmanna	Reyndu að virkja núverandi starfsmenn í ráðningarferlið eins og unnt er. Útskýrðu fyrir þeim hvað þú ert að gera og hvers vegna. Félagslegur viðburður mun hjálpa starfsmönnum þínum að kynnst hver öðrum. Þú villt ekki að þeim finnst sem þeim sé ógnað af nýjum starfsmönnum.
	Leiðbeining	Til að styðja við samlögun nýrra starfsmanna þá er jákvætt skref á vinnustað að úthluta handa þeim leiðbeinanda sem leiðbeinir þeim varðandi vinnuanda, rútínur og félagslega hliðar. Slík persónu gæti verið einhver sem hefur haft svipaða reynslu sjálf(ur).

Hugaðu að...	Aðgerðir	
Skilyrði á vinnustað	Vinnuskilyrði	ESB-lög og lög hvers lands fyrir sig veita erlendum starfsmönnum rétt til sömu vinnuskilyrða. Vertu viss um að fyrirkomulag samningsins sé sanngjarnt fyrir nýja starfsmanninn og að honum/henni sé ekki mismunað.
	Öryggi og heilsa	Gættu þess sérstaklega að nýir erlendir starfsmenn kynni sér vel tilhögun öryggis-, heilbrigðis- og velferðarmála. Þú gætir þurft að styðja sérstaklega við bakið á þeim og kanna skilning þeirra á því hvernig á að bregðast við í brunaæfingum og neyðartilvikum.
	Þjálfun	<p>Aðgengi að möguleikum til að læra og þróast er mikilvægt fyrir alla starfsmenn en þú gætir þurft að aðlaga starfsmannþjálfun þína fyrir erlenda starfsmenn, ef þeir kannast ekki við tæknimálið eða tækjabúnaðinn sem þeir munu nota.</p> <p>Ef þú hefur áhuga á að búa til áætlun til að auðvelda aðlögun nýrra erlendra starfsmanna, þá getur EUR-Assist verið lausnin. EUR-Assist er auðvelt og gjaldfrjálst rafrænt hjálpartæki sem sniðið er að þörfum atvinnurekenda, þá sérstaklega minni og meðlastórri fyrirtækja og auðveldar þeim að aðlaga erlenda starfsmenn. Kerfið er aðgengilegt á fjölmörgum tungumálum landa Evrópusambandsins. Frekari upplýsingar má finna á eftirfarandi slóð http://www.eur-assist.eu.</p>
	Viðhald	Ef þörf er á að starfsmenn skuldbindi sig til langs tíma, reyndu að sjá fyrir öllum atriðum sem gætu haft áhrif á að halda við starfsmannafjölda. Þurfa þeir að fara heim um jólin? Eru þeir ánægðir með vinnuskilyrði sín og lífskjör?

<p>Segðu frá reynslu þinni!</p>	<p>Ef reynsla þín af því að ráða fólk að utan vekur áhuga annarra, <u>segðu okkur frá því!</u> Saga fyrirtækis þíns gæti verið birt á vefsíðu okkar og verið hvatning fyrir aðra atvinnurekendur sem hingað til hafa hikað við að ráða fólk til starfa frá öðrum löndum í Evrópu. Hvað heppnaðist vel? Mættirðu einhverju hindrunum? Hafa starfsmenn aðlagast vel?</p> <p>Þú getur sent okkur þína sögu á eftirfarandi heimilisfang:</p> <p>EURESNEWS Fax: +32 2 640 00 10 E-mail: euresnews@gellis.com</p>
----------------------------------------	------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------